

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

929. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. nóvember 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður Elín R. Líndal, aðalmaður

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **1611007** Lögð fram til kynningar fundargerð 843. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 - b. **1611010** Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 6. september sl.
 - c. **1611011** Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 20. október sl.
2. **1611014 Lagt fram til kynningar tölvubréf Sambands íslenskra sveitarfélaga** dags 1. nóvember sl þar sem kynntar eru dagsetningar annars vegar landsþings sambandsins sem haldið verður 24. mars 2017 á Grand hóteli í Reykjavík og hins vegar fjáramálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður dagana 5. og 6. október 2017 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.
3. **1604039 Lagt fram til kynningar bréf Skipulagsstofnunar** dags. 27. október sl. þar sem staðfest er aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026, sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 13. október sl.
4. **1611013 Lagt fram bréf Kirkjukórs Hvammstanga** dags. 4. nóvember sl. Umsókn um styrk vegna söngfarar kórsins til Tromsø í Noregi 2017. Byggðarráð hafnar erindinu, og bendir á að umsóknarfrestur um styrkveitingar 2017 er útrunninn.
5. **1611028 Árshlutauppgjör janúar-september 2016.** lagt fram til kynningar rekstraryfirlit sveitasjóðs og undirfyrirtækja fyrstu níu mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun sama tímabils og heildaráætlun. Framkvæmdaráð fór yfir uppgjörið á fundi sínum þann 8. nóvember sl. og telur rekstur almennt í samræmi við áætlun.
6. **1611005 Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga** dags. 28. október sl. um undanþágur frá íbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks.
7. **1611021 Lagt fram til kynningar bréf Vinnumálastofnunar** um samstarf vegna innleiðingar á nýju húsnæðisbótakerfi.
8. **1611027 Lagt fram tölvubréf Sambands íslenskra sveitarfélaga** um umsögn reglugerðar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
Byggðarráð tekur í einu og öllu undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og telur mikilvægt að drögin verði ekki samþykkt sem reglugerð óbreytt. Byggðarráð leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti;

- Ótækt er að heimild fáiast án þess að svo mikið sem öryggismál séu yfirfarin af þar til bærum aðilum.
- Heimild sveitarfélagsins til hlutfallslega hærri fasteignaskatts þarf að vera til staðar.
- Eftirlit skal vera á höndum eftirlitsaðila í heimabyggð, en ekki staðbundið við Reykjavík.
- Óheimilt skal vera að leigja húsnæði til heimagistingar, nema af hálfu eigandans sjálfs

9. **1609030 Lagt fram til kynningar bréf Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins frá 31. október sl. þar sem fram kemur að Hvammstanga hefur verið úthlutað 70 þorskígildistönnum af byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017. Frestur til að skila inn óskum um sérreglur er til 30. nóvember nk. Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiaríð 2016-2017:**

„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 70 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2016/2017:

Ákvæði reglugerðar nr. 641/2016 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 641 frá 8. júlí 2016, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015/2016. Skipting þessara 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2013/2014, 2014/2015 og 2015/2016.
- b) 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og skal skipting þessara 20% byggðakvóta Húnaþings vestra miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár, nú 2013/2014, 2014/2015 og 2015/2016.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 641/2016 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 641/2016 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 31. október 2016, er horft til mögulegrar verðmætaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.
- b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:18

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg

Guðný Hrunð Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir